

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki, samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. júlí 1975.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

10. júlí 1975.

Nr. 320.

## G J A L D S K R Á

**Hitaveitu Flúða og nágrennis.**

### 1. gr.

Hitaveita Flúða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitafletir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upp-hitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

### 2. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 1. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

### 3. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 1 690.00 á mánuði fyrir aðalhemil fyrir gróðurhús og kr. 1 080.00 á mánuði fyrir önnur hús.
  - b) Vatnsgjald fyrir gróðurhús kr. 125.00 á mánuði og kr. 600.00 á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mínútulítra.
- Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

### 4. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. gr. verða krafín til greiðslu annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila sem hitaveitan vísar til. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjaldldaga.

### 5. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Flúða skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:  
Hús allt að 300 m<sup>3</sup> að utanmáli kr. 70 000.00.

Hús 300—2000 m<sup>3</sup> að utanmáli kr. 70 000.00 fyrir 300 m<sup>3</sup> og kr. 52.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Hús stærri en 2000 m<sup>3</sup> að utanmáli kr. 160 000.00 fyrir 2000 m<sup>3</sup> og kr. 44.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisheimil umfram einn á sama inntaki er kr. 9 000.00.

Heimæðagjöld á gróðurhús skulu vera þannig:

Fyrir gróðurhús að 200 m<sup>2</sup> skal greiða kr. 70 000.00.

Fyrir gróðurhús stærri en 200 m<sup>2</sup> skal greiða kr. 70 000.00 fyrir 200 m<sup>2</sup> og kr. 115.00 fyrir hvern fermetra umfram 200 m<sup>2</sup>.

#### 6. gr.

Gjöld skv. 3. gr. og 5. gr. eru miðuð við visitölu byggingarkostnaðar 1. febr. 1975. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri visitölu verða. Breytingar til hækkunar skv. þessari gr. eru háðar samþykki iðnaðarráðuneytisins.

#### 7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og gróðurhúsaræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

#### 8. gr.

##### Ákvæði til bráðabirgða.

Vegna endurbyggingar hitaveitunnar skal greiða heimæðagjald að nýju af þeim húsum, sem nú eru tengd hitaveitunni.

Fyrir hús allt að 330 m<sup>3</sup> að utanmáli kr. 40 000.00

Fyrir hús 300—2000 m<sup>3</sup> að utanmáli kr. 40 000.00 fyrir 300 m<sup>3</sup> og kr. 29.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Fyrir hús stærri en 2000 m<sup>3</sup> að utanmáli skal greiða kr. 89 300.00 fyrir 2000 m<sup>3</sup> og kr. 25.00 á hvern rúmmetra þar yfir. Heimæðagjald fyrir gróðurhús skal vera kr. 66.00 á hvern fermetra í gróðurhúsi.

#### 9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

#### 10. gr.

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 2 000.00 í hvert skipti.

#### 11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Flúða skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

#### 12. gr.

Þeir neytendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti þar til þeir hafa fengið hemil.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 115 30. apríl 1969.

*Iðnaðarráðuneytið, 10. júlí 1975.*

F. h. r.

**Árni Snævarr.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

8. júlí 1975.

Nr. 321.

## REGLUGERÐ

### um gatnagerðargjöld í Neskaupstað.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

#### 2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að leggja bundið slitlag á götu svo og ganga endanlega frá gangstétt.

#### 3. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðaveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni. Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lagt á bundið slitlag og/eða gangstétt skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseign eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í byggingarnefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskitins tíma, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta byggingarinnar, sem byggingarleyfið er endurnýjað fyrir, að frádregnu því gatnagerðargjaldi, sem áður hefur verið greitt af sama áfanga.

#### 4. gr.

A-gjald vegna nýbyggingar, skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	1,0%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð ..	0,8—
Tveggja hæða fjölbýlishús .....	0,6—
Fjölbýlishús 3 hæðir eða meira .....	0,4—
Verslunar- og skrifstofubyggingar .....	1,0—
Iðnaðarhús, vörugæmslur og annað atvinnuhúsnæði	0,4—